

SPÆN1SO05

Búið til: Fri, 03 Oct 2025 13:25:53 GMT

Titill

Spænska C

Skammstöfun

SPÆN1SO05

Útgáfunúmer

45

Námsgrein

spænska

Viðfangsefni

Spænska, orðaforð, ritun, tal

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í áfanganum er áfram lögð áhersla á að nemendur haldi áfram að tileinka sér undirstöðuatriði tungumálsins. Nemendur vinna verkefni sem þjálfa lesskilning ásamt samskiptapáttunum: tali, hlustun og ritun. Áhersla er lögð á uppbyggingu orðaforða, ritun stutta og hnitmiðaða texta, og munnlegar æfingar. Í áfanganum er menning spænskumælandi landa fléttuð inn í kennsluna. Gert er ráð fyrir fjölbreyttri verkefnavinnu þar sem nemendur vinna ýmist einir eða í hópum. Unnið er bæði með raunefni og kennsluefni í mynd, vídeó- og textaformi, svo sem tónlist, samtöl, fræðsluefni, blaðagreinar og auglýsingar. Markmiðið er að auka læsi nemenda á hinum spænskumælandi menningarheimi og gera þeim kleift að nota tungumálið til þess að geta tjáð sig á einfaldan hátt og nýtt sér það til að afla sér upplýsinga og þekkingar. Nemendur taka þátt í því að velja þemu og efnistök í áfanganum.

Forkröfur

10 einingar í spænsku á 1. þrepi

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- menningu þeirra landa þar sem spænska er töluð
- almennum orðaforða og einföldum setningum
- mál- og samskiptavenjum
- grunnatriðum í spænskri málfræði
- tungumálinu og útbreiðslu þess

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja almennt talað mál þegar talað er skýrt og greinilega
- nota einfaldan orðaforða til að: tjá sig um og lýsa hefðum, séreinkennum í eigin landi og bera saman við hinn spænskumælandi heimi
- tjá sig um óskrifaðar reglur í hinum spænskumælandi heimi og bera saman við eigin menningu
- tala um ferðalög og segja frá ferðamáta og möguleikum sem ungt fólk hefur varðandi ferðalög
- tala um eigin framtíðarhorfur og framtíðarspá almennt
- afla sér upplýsinga um og tjá sig um sjálfvalin málefni sem tengjast hinum spænskumælandi heimi

- tjá sig um líðandi stund
- nota tungumálið í einföldum samræðum bæði við samnemendur og við spænskumælandi fólk
- lesa texta um efni sem hann þekkir og tileinka sér ný orð í textanum
- skrifa stuttan samfelldan texta um efni sem unnið hefur verið með og kynna á fjölbreyttan hátt
- beita meginreglum í málfræði
- koma auga á blæbrigði spænskumælandi menningar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- halda samtali gangandi og beita viðeigandi mál- og samskiptavenjum
- skilja talað mál um kunnuglegt viðfangsefni m.a. af internetinu, úr útvarpi og sjónvarpi
- leita uppi og afla sér upplýsinga úr stuttum blaða- og tímaritsgreinum og geta dregið ályktanir af því sem hann les
- skrifa texta bæði frá eigin brjósti og samantektir á tilteknu efni sem hann velur sjálfur
- geta borið eigin menningu við annarra
- auka meðvitund um eigin leiðir til að tileinka sér tungumálið

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd